

Hamrar

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur norðvestan undir fjallsmúla, sem heitir **Hamramön** (1), austanvert við botn Grundarfjarðar. Túnið liggur því nær fram á sjávarbakkana; þjóðvegurinn liggur milli túngarðsins og bakkabrúnarinnar (Hamranna). Bærinn stóð áður á hól, sem nefndur er **Bæjarhóll** (2), er hann suður frá steinsteypubyggingu, sem bæði er fjós og heyhlaða. Nú stendur íbúðarhús úr timbri fyrir norðan **Bæjarlækinn** (3), á nýræktuðu túni. Milli hússins og hlöðunnar er mýrlend laut, sem Bæjarlækurinn rennur eftir.

Upp og austur frá hlöðunni heita **Tungur** (4). Renna um þær smálækir er sameinast og mynda Bæjarlækinn. Nokkuð fyrir sunnan og upp frá hlöðunni er hóll, sem **Húсахóll** (5) heitir; umhverfis hann er mýrlent. Suður frá honum er annar hóll, sem heitir **Hesthúshóll** (6). Báðir þessir hólar eru lágir og milli þeirra er mýrarsund. Fyrir sunnan Bæjarhólinn er kallað **Suðurtún** (7).

Neðan við túnið er laut, sem smálækur rennur eftir. Fyrir sunnan hana, austast í túninu, standa fjárhús og heyhlaða.

Fyrir norðan lautina við túnið eru melholt, norðan í þeim eru grasbrekkur, sem heita **Árbrekkur** (8). Gegnum melholtin gengur laut, sem heitir **Djúpalaut** (9).

Frá melholtunum og upp að fjallinu er flói. Úr honum rennur lækur norður í Grjótá, heitir hann **Silungalækur** (10). Fyrir ofan flóann er allhátt holt, sem **Vörðuholt** (11) heitir. Það er austur við Grjótá í mynni Skálardals; fram af (suður af) því koma há holt, grasivaxin að sunnanverðu. Þau heita **Háuholt** (12). Við ána, hjá Háuholtum, er graslaut, sem heitir **Kúalaut** (13). Fyrir framan Háuholt er kallað **Smálækir** (14). Eru það margir litlir lækir, sem falla ofan hlíðina.

Austan við múlann, sem Hamrar standa undir, er allstór dalur, sem **Skálardalur** (15) heitir, eftir honum fellur á, sem **Grjótá** (16) heitir, skiptir hún löndum milli Hamra og Vindáss. Í dalnum eru þessi örnefni: Fyrir framan Smálæki ganga grasgeirar upp í

fjallshlíðina, heita þeir **Stuttugeirar** (17). Upp af hlíðinni eru klettagirðingar, eru þeir kallaðir **Háu-Manargirðingar** (18). Suður og upp af girðingunum eru dældir, sem heita **Dýjadalir** (19). Suður af dölunum er sandhryggur, er nær suður í Einirkinn (sjá Grund), er hann kallaður **Einstigi** (20). Upp af Smálækjunum, fyrir ofan brúnina, eru grasivaxnar dældir, sem heita **Viðirlágar** (21). Nyrzti hluti múlans, sem er fyrir vestan Skálardal og er upp undan Hömrum, er stundum nefndur **Lága-Mön** (22). Sunnan við öxlinna er grunnt skarð, sem heitir **Dagmálaskarð** (23). Framan (norðan) múlans eru börð, sem heita **StekkjARBörð** (24). Er stekkjarrúst fyrir ofan þau í hlíðinni. Hlíðin suður eftir heitir **Hamrahlíð** (25). Sunnarlega á hlíðinni er hryggur, heitir **Merkjahryggur** (26), um hann eru landamerki milli Hamra og Grundar. Undan hryggnum kemur lækur, sem fellur í Grundará, heitir hann **Rauðsteinalækur** (27). Frá hlíðarrótunum og niður á bakkana (hamrana) eru mýrar, sem kallaðar eru **Breiðar** (28). Fyrir norðan Rauðsteinalæk eru háir klettabakkar - í þeim eru nokkrir skútar. Klettur þessir heita **Svörtuklettur** (29). Þar sem bakkarnir beygjast til austurs heitir **Hamrasnoppa** (30). Fram af henni í fjörunni eru klettastrípar, sem heita **Hamrasnagar** (31), sá efsti og stærsti þeirra heitir **Gálgaklettur** (32). Milli Gálgakletts og Hamrasnoppu liggur vegurinn þegar farið er undir bökkunum. Fyrir norðan Snoppuna er farið upp úr fjörunni um klif, sem heitir **Hamraklif** (33).

Stafrófsskrá örnefna

Árbrekkur 8
Breiðar 28
Bæjarhóll 2
Bæjarlækur 3
Dagmálaskarð 23
Djúpalaut 9
Dýjadalir 19
Einstigi 20
Gálgaklettur 32
Grjótá 16
Hamrahlíð 25
Hamraklif 33
Hamramön 1
Hamrasnagar 31
Hamrasnoppa 30
Háuholt 12
Háu-Manargirðingar 18
Hesthúshóll 6
Húsahóll 5
Kúalaut 13
Lága-Mön 22
Merkjahryggur 26
Mön, Lága- 22
Rauðsteinalækur 27
Silungalækur 10
Skálardalur 15
Smálækir 14
Stekkjarbörð 24
Stuttugeirar 17
Suðurtún 7
Svörtuklettur 29
Tungur 4
Víðirlágar 21
Vörðuholt 11